

að vekja þjóðina andlega og gera þýzka guðfræði frjálslegri en verið hafði.

En uppreisn Þýzkalands og framför til áhrifa, valda og sameiningar var að mestu leyti mentun þjóðarinnar að þakka, og það er mentunin, sem hefir lagt grundvöllinn fyrir vaxandi viðsýni og frjálslyndi í trúarbrögðum. Þýkaland hefir lengi verið fyrirmynnd hinna Evrópulandanna hvað mentun á öllum stigum viðvíkur. Um miðja 17. öld byrjaði hreyfing til gagn-gjörðra mentunar umbóta í Weimar og öðrum bæjum, þannig, að lög voru samín, sem ákváðu skyldumentun. Pessháttar lög eru nú í gildi og hafa lengi verið í öllum hlutum keisaraveldisins. Þjóðin álítur það fyrstu skyldu sína að öll börn hennar geti orðið mentunar aðnjótandi.

Sérstaklega eru það háskólar landsins, sem eru því til ómetanlegs gagns. Þeir eru 21 að tölu, og höfðu árið 1900 2.800 kennara og 34.000 nemendur. Áhrif þeirra eru afarmikil. Í þeim kemst andlegt líf þjóðarinnar á sitt hæsta stig. Þaðan koma hinari hæstu hugsjónir hennar. Pangar koma menn frá öllum löndum til að afla sér þekkingar. Pannig eru þessir háskólar afl í andlegu lífi als hins mentaða heims, jafnframt því sem þeir eru voldugt afl í landinu sjálfu.

Það sem mest og best einkennir þýzku háskólana er frelsið. Þeir eru allir stjórnarstofnanir og undir umsjón þess ríkis, sem þeir eru í. Ríkin hafa ekki æfinlega tekið viturlega afstöðu gagnvart frelsinu. Þau hafa að mestu leyti haldið kyrkjunnini í ófrelsi, til stórskaða fyrir trúarbrögðin. Fyrr á tímum voru háskólarnir einnig ófrjálsar stofnanir. En um miðja 18. öld varð breyting á. Það var fyrst í Halle og Göttingen, og síðar við aðra háskóla, að frjálsum rannsóknaranda var leyft að proskast. Fyrir réttum hundrað árum síðan stofnaði Friðrik Vilhjálmur þriðji Prússa konungur háskólann í Berlin með því ákvæði, að algert frelsi til að rannsaka og kenna skyldi eiga sér stað þar. Hinir fremstu menn, sem völ var á, voru gerðir að kennurum, án nokkurs tillits til flokksfylgis eða trúar bragðaskoðana, með þeim skilningi, að þeir ættu að rann-